

2/2 67

Garðar Jónsson.

S T A R F S S KÝR S L A F Y R I R Á R I Ó.

1 9 6 6.

Suðurlandsumdæmi.

1. Veður og vöxtur:

Veturinn frá áramótum var frosthárður. Snjó festi aldrei á jörð og klaki hljóp óvenju djúpt niður. Dæmi voru til þess, að klaki fannst í 1,20 til 1,40 m. dýpt, og frost var í mýrum fram í ágúst. Norðan þræsingur var dag eftir dag, og fóru barrplöntur á berangri mjög illa, mistu barrið og þornuðu upp. Í kjarr og skóglendi stóðust þær mikið betur pennan þurra næðing, þó var nokkuð um toppkal og jafnvel dauða þar einnig.

Vorið kom seint, og var þurrt og kalt. Jarðklaki háði og seinkaði öllum vorverkum um hálfan mánuð til prem vikum.

Sumarið var einnig kalt, og vöxtur á trjám undir meðallagi. Aftur á móti nýttist vinnuafli sæmilega, því vinnuveður var ágætt.

Maðkur og lús gerði ekki teljandi vart við sig í skóglendum í summar.

Haustið kom snemma og var umhleypingasamt, einnig veturinn til áramóta. Snjór var þó oft á jörðu og hefur hlift miklu.

Um laufgun á birki hér um slóðir, veit ég ekki hvað skal segja, það byrjaði að laufgast fyrst í júní, en var að mjakast við það fram að mánaðarmótum júní - júlí. 1. júní var ég staddur í Þjórsárdal og var skógurinn þar svartur yfir að líta þá. Lauffall tel ég að hafi verið um mánaðarmótin sept. - okt. Í dagbók minni segir svo 27. sept. Blöð á alaskaösp hanga gul, mikið farið að falla af þeim, lauffall á kjarrinu í Grímsnesi, en Bæjarstaðabirkí í görðum hér viðast hvar með laufi en mikið farin að gulna.

2. Starfsfólk:

Starfsfólk á árinu.

	mai	júní	júlí	ágúst	sept.	Samt.
Karlar	7	10	11	10	7	45
Konur		1	1	1	1	4
Samt.	7	11	12	11	8	49

Allar kaupgreiðslur Skógræktar ríkisins til þessa fólks á árinu urðu Kr. 372.062,00, þar af greitt í sparimerkjum Kr. 41.997,- Vinnustundir urðu samtals 5275 og matreiðsludagar 71. Á mánuði skiptast kaupgreiðslur þannig, maí kr. 19.005,87, júní kr. 110.704,54 júlí kr. 93.340,85, ágúst kr. 108.900,64 og sept. kr. 40.110,22. Í vinnulaun til fólks búsettu í Arnessýslu, voru greiddar kr. 151.818,- Reykjavík kr. 113.458,-, Rangárvallasýslu kr. 51.034,-, V.-Skaftafellssýslu kr. 38.119,-, og frá Noregi kr. 17.531,-. Venjulegur vinnustundafjöldi á dag var 8 kl. í dagvinnu og 2 kl. í eftirvinnu, eða á viku 45 kl. í dagvinnu og 10 kl. í eftirvinnu. Ef sérstaklega stóð á með verk, sem unnin voru langt frá næturstað, var gjarnan unnið þar til þeim var lokið, ef slikt pótti hagkvæmara. Um verslunarmanna-helgina var unnið nótt sem dag á Pórsmörk. Tryggingarskildar vinnuvikur voru 129.

Í júlimánuði lánaði ég Daniel Kristjánssyni 5 menn og bifreiðina X.- 1635, í hálfan mánuð, og unnu þeir við girðingar að Reykholti og Gilsbakka í Borgarfirði.

3. Girðingar:

Um miðjan maí var byrjað við lagfæringu á Reykjaháleigugirðingu. Girðingin hafði farið heldur illa vegna skafla, sem á hana lögðust, þótt snjólétt væri, á Reykjafjalli og hlíðunum beggja megin þar sem hún kemur niður af fjallinu. Verkið gekk vel og var lokið við það á

nokkrum dögum. Um miðjan sept. var sett járnhlíð á girðinguna fyrir austan Reykjaskóla. Gömul hliðgrind úr Pjórsárdal, var lagfærð og máluð, smíðaðir voru hliðstaurar úr rörum, sett á þá lamir og læsing og steyptir niður. Engar skepnur komust í girðinguna á árinu. Allur kostnaður við Reykjahjáleigu - girðinguna varð Kr. 33.327,-.

Um mánaðarmótin maí - júni var farið í Pjórsárdal tél viðgerða á girðingunni þar. Þá var búið aðsetja lausagirðingu í Pjórsá undir Bringum, en það var gert seinast í apríl. Girðingin var ekkert sérstaklega illa farin eftir veturinn, en gamlar girðingar purfa alltaf mikið viðhald. Övenjum mikill klaki í jörðu tafði fyrir framkvæmdum, sérstaklega vegna þess að ekki var hægt að komast á bíl meðfram girðingunni nema á stöku stað, þaðhefur þó verið einn helsti kostur við viðhald hennar hve viða er hægt að aka meðfram henni á bílum. 8. okt. voru lausagirðingar teknar upp úr ánum, nema undir Bringum, þar verður hún að drasla eins lengi og hægt er, vegna þess að fé sækir inn í hana framan úr byggð framm á haustið. Nokkrar kindur voru í girðingunni í sumar, en ekki til skaða eða skammar. Allur kostnaður við girðinguna varð Kr. 67.953,- og við smölun Kr. 5.984,-.

Á Pórsmörk fór ég til eftirlits með girðingunni 8. maí. Var þá öll girðingin á Krossáraurum gjörsamlega horfin enn einu sinni. Því var horfið að því ráði, þegar farið var inneftir með mannskap, um miðjan júní, að girða á nýjum stað. Tekin var stefna framarlega úr Hvannárgljúfri, og hvergi komið niður á aurana fyr en við Álfakirkju. Girðingarstæðið var að vísu ekki gott, giljótt og viða purfti að bora fyrir staurum í klöpp, en allt er betra en að verða að girða eftir aurnum. Frá Álfakirkju og niður í Krossá, var farið eftir aur sem Hvanná hefur aldrei runnið um, en sá ókostur er við þá girðingu, að ekki er hægt að fá fastan endastaur við Krossá og áin verður að girða á kafla að Valahnúk, svo viðbúið er að þar verði einhverjar lagfær- ingar á hverju vori. Nýja girðingin er 1,5 km. á lengd. Um aðrar

viðgerðir á Pórsmerkurgirðingunni er svo sem lítið að segja, nema í Hamraskóum er hún orðin svo léleg, að ómögulegt er að gera við hana, vírinn hrekkur sundur í höndunum á manni pellar komið er við hana. Er því bráðnauðsynlegt að gera hana upp að nýju á næsta ári. Kostnaður við nýju girðinguna og viðhaldið allt varð Kr. 67.383,-. Girðingin var smöluð dagana 8 og 9 júlí, út var rekið um 400 fjár. Mikið fé var í girðingunni í allt sumar, okkur til skammar og landinu til skaða. En ekki er gott við að eiga, þar sem tvennt hjálpast að, léleg girðin á kafla og sérstaklega óvandaðir Eyfellingar, sem bókstaflega reka fé sitt inn í girðinguna. 24. nóv. var gróðurverndarfulltrúa Ingva Þorsteinssyni skrifð bréf, þar sem þess var óskað, að afréttur Eyfellinga Almenningar, væru metnir að því er beitarpol snertir. Ástæðan fyrir því var sú, að á hverju ári er rekið margfalt fleira fé á afréttinn en hann ~~er~~, og afleiðingin verður sú, að óvenju mikill fjárbungi lendir á girðingunni að norðanverðu og steyptist inn, komi nokkur smuga á hana. Kostnaður við eftirlit og smölun á Pórsmerkurgirðingu í sumar varð Kr. 23.110,-.

Skarfanesgirðing. Eins og undanfarin ár, sá Arni Árnason í Klofa á Landi um viðhald á girðingunni. Í sumar voru steyptir staurar niður við brúna á Skarfaneslæknum og læst keðja strengd á milli þeirra, þannig að bílar komust ekki inn í Lambhaga, nema hafa til þess leyfi og fá lykil að lásnum. Það hafði sýnt sig á undanförnum árum að folk ók á bílum sínum um gróðursetningarnar og skógin inn í Lambhaga, og skemmdi þar töluvert með framferði sínu. 12. júlí læsti ég keðjunni, en um miðjan ágúst var búið að brjóta keðjuna frá öðrum staurnum, og gátu þá allir ekið um brúna eftir sem áður, viðgerð verður að fara fram næsta ár. Kostnaður við Skarfanesgirðinguna og hliðstaurana varð Kr. 7.490,-.

4. Gróðursetning:

Gróðursetning hjá Skógrækt ríkisins.

Staður.	Tegund.	Kvæmi.	Aldur.	Fjöldi.	Gr.st
Pjórsárdalur	rauðgreni	Rissa	2/3	13000	T
Reykjahjáleiga	rauðgreni	N.-Tr.ytr.	3/3	2000	✓ T
" "	sitkagreni	Seward	2/3	3000	✓ T
" "	bergfura	Pyr.	3/0	5000	✓ T
Ölversholt	rauðgreni	Rissa	2/2	500	T
" "	stafafura	Barkerv.	3/0	1000	T
" "	lerki	Arkangelsk	3/0	500	T

Að Reykjahjáleigu var byrjað að gróðursetja 9. júni. Alls voru gróðursettar þar 10000 plöntur. Rauðgrenið var sett austan við gilið upp af gömlu bæjarrústunum af Reykjahjáleigubænum, sitkagrenið í dalinn norðan við sumarbústað Jónasar Jónssonar og fyrir austan gömlu gróðrarstöðina í framhaldi af því sem var gróðursett í fyrra og bergefuran í grastorfuna uppi í Reykjafjalli. Allar plönturnar komu í ágætis ástandi frá Tumastöðum.

Í Ölversholti var gróðursett 27. júní, og lokið við það á einum degi. Gróðursett var við plögstrengi, í mýrina vestur af brekkunum. Plönturnar frá Tumastöðum, samtals 2000 st.

Í Pjórsárdal var síðsumars gróðursetning, byrjað 13. ágúst. Gróðursett var innst í Selhofðum, í rauðgrenigróðursetningu frá árinu 1962, sem fór mjög illa í hretinu vorið 1963. Það er seinlegt að endurgróðursetja þar sem gæta þarf að hvort ekki eru lifandi plöntur fyrir, en ég held ég geti sagt að verkið hafi tekist ágætlega. Samtals gróðursettar 13. þús. plöntur í Pjórsárdal.

Í vor var haldið áfram með gróðursetningu á lúpínurótum í Pjórsárdal, og voru þær settar á aurana austur af Rauðukömbum í framhaldi af því sem gróðursett var í fyrra. Gróðursetningin tókst ekki vel, og reikna ég með að burkar og eins hve seint var gróðursett sé orsök þess.

Allur vinnukostnaður við gróðursetningarnar varð Kr. 47.182,-, og

verða það Kr. 1,88 pr. plöntu. Í Reykjahjáleigu Kr. 1,65, Ölversholti 1,60, og í Þjórsárdal Kr. 2,11, en eins og áður segir voru sérstakar ástæður þar vegna endurgróðursetningaráinnar.

Hirðing plantna og áburðargjöf. Í Múlakoti var unnið að hirðingu áburðargjöf og gróðursetningu. Hirðingin þar verður alltaf hálfgert gauf þegar verið er að hlaupa í það á milli annara starfa. Ef vel ætti að vera þyrfti að vera þar fastur maður í 2 mánuði að minnsta kosti. Húsdýraáburði var ekið í reitinn og borið að plöntum. Í neðsta reitinn var gróðursett, eða réttara sagt dreifplantað birki, og í reitinn fyrir vestan kofan var sett sitkagreni. Þessar plöntur verður síðar hægt að gróðursetja á heppilegum stöðum í reitnum.

Allur kostnaður við Múlakotsreitinn varð Kr. 17.787,-.

Grisjun. Í Þjórsárdal voru grisjaðir rúmir 3. ha. í Ásólfssstaðaskógi, fyrir gróðursetningu næsta árs. Einnig var grisjað eða klippt frá plöntum í Skriðufellsskógi, en þar er mikið verk fram undan í þeim efnum. Kostnaður vegna grisjunar og fráklippingar varð Kr. 55.732.

Gróðursetning hjá Skógræktarfélögunum.

Staður.	Tegund.	Kvæmi.	Aldur.	Fjöldi.	Gr.st.
<u>Skf. Árnesinga.</u>					
Snæfoksstaðir	rauðgreni	N.Tr.ytr.	3/3	4000	T
" "	rauðgreni	Rissa	2/3	5000	T
" "	bergfura	?	3/0	5000	F
Sandvíkurhr.	sitkagreni	Seward	3/3	200	T
" "	stafafura	Skagway	2/4	300	T
Hveragerðisgirð.	sitkagreni	Seward	2/3	400	T
" "	stafafura	Barkerv.	3/0	1300	T
" "	bergfura	Pyr.	3/0	300	T
<u>Skf. Rangæinga.</u>					
Tungugirðing	sitkagreni	Seward	3/3	3425	T
" "	stafafura	Skagway	2/4	375	T
" "	stafafura	Barkerv.	3/0	900	T
				21200	

Staður.	Tegund.	Kvæmi.	Aldur.	Fjöldi.	Gr.st.
Tungugirðing	sveigfura	Mont	3/4	225	T
Hamragarðar	birki	Bæjarst.	2/0	1000	T
Krappi	birki	Bæjarst.	2/0	200	T
"	sitkagreni	Seward	3/3	200	T
Kverkargirðing	birki	Bæjarst.	2/0	1000	T
" "	rauðgreni	N. Tr. Ytre	3/3	1000	T
" "	sitkagreni	Seward	2/3	1500	T
" "	stafafura	Barkerv.	3/0	1000	T
" "	elri	Klat Sandt	4/0	100	T
<u>Skf. Mýrdæligga.</u>					
Gjöragirðing	rauðgreni	N. Tr. Ytre.	3/3	2000	T
" "	sitkagreni	Seward	2/3	1000	T
<u>Skf. Mörk</u>	sitkagreni	Seward	2/3	1000	T
				3/325	

5. Byggingar:

Færanlegur vinnuskáli var smiðaður í vetur. Stærð 4,5 x 2 m. 4 rúmstæði og eldunaraðstaða er í skálanum. Klæðning úr vatnspéttum krossviði, einangraður með 1" einangrunarplasti og klæddur að innan með krossviði. Málaður að utan, en glærlakkaður að innan. Skálinn stendur á tveim meiðum, þannig að gott er að draga hann eða lifta á bíl, og fara með hann á milli staða. Alls kostaði skálinn Kr. 48.667 í Múlakoti voru lagfærðir gluggar á húsinu í reitnum. Húsið er orðið mjög lélegt, svo fúið að varla erhægt að fá þar naglhald, og má segja að það hangi uppi á múrhúðuninni.

6. Leiðbeiningar og ferðalög:

Í febrúar ferðuðumst við Snorri Sigurðsson um Arnessýslu og fórum í girðingar Skógræktarfélagsins þar. Einnig fórum við um Rangárvalla og V. - Skaftafellssýslur, fórum í skógræktargirðingar og ræddum við skógræktarfélaga og undirbjuggum væntanlega umferðarvinnuflokk, eða réttara sagt vinnutilhögun floksins.

1. - 5. marz sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík, þar sem rædd var og gerð fjárhags- og starfsáætlun Skógræktarríkisins fyrir árið 1966.

Yfir sumarið margar ferðir í skóglendi Skógræktarríkisins vegna framkvæmda þar. Einnig ferðir í girðingar Skógræktarfélaganna í Rangárvalla - og V. - Skaftafellssýslu, vegna umferðarvinnufloks sem var að vinnu hjá þeim, og ég sá um.

18 - 21 águst á aðalfund Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var að Laugum í S.-Þingeyjarsýslu.

5 - 7 sept. ferð með skógræktarstjóra um V.-Skaftafellssýslu.

20 - 25 okt. fræsöfnunarferð í Öræfin.

12-13 nóv. með skógræktarstjóra, formanni Skógræktarfélags Íslands og Snorra Sigurðssyni að Kirkjubæjarklaustri og viðar um V. - Skaftafellssýslu.

Ímislegt:

Umferðarvinnuflokkur. Störfin hófust í júni, með gróðursetningu og girðingarviðgerðum hjá Skógræktarfélagi Rangæinga. Byrjað var á Kverkargirðingu við Seljaland og gróðursettar þar 4600 plöntur, einnig var farið með girðingunni og hún lagfærð. Kostnaður þar varð Kr. 10.301,-. Í Tungugirðingu í Fljótshlíð voru gróðursettar um 3000 plöntur og girðingin lagfærð. Kostnaður þar Kr. 8.901,-.

Að Hamragörðum var girt ný girðing uppi á heiðinni. Var unnið að því í júlí og nokkra daga í ágúst. Girðingarlengd nærri 2. km. Kostnaður Kr. 46.607,-. Við Seljavelli í A.-Eyjafjallahr. var smávegis lagfærð girðingin. Kostnaður Kr. 1.412,-.

Í ágúst var haldið austur á Síðu. Byrjað var á að lagfæra girðinguna á Kirkjubæjarklaustri, kostnaður Kr. 16.944,-. Síðan var farið í Holtsdalsgirðingu. Girðingin lagfærð, sem var mikil vinna, grisjað frá plöntur og borinn áburður að þeim. Kostnaður þar Kr. 30.476,-.

Hjá Skógræktarfélagi Mýrdælinga voru Heiðardals og Gjöfragirðing-

lagfærðar. Kostnaður Kr. 8.053,-, sem að miklu var efniskostnaður.

Í umferðarfloknum voru 4 - 5 menn. Ferðast var á vörubíl, og var íveruskáli á vörupalli, nema í Holtsdal, þangað var svo slæmur vegur að ekki var fært með vörubílinn, og þangað varð því að fara á minni bíl og búa í tjöldum. Samtals varð kostnaður við umferðarflokinn í sumar Kr. 122.697,-, og sá Landgræðslusjóður um greiðslu á þeim peningum.

Á öllum þeim stöðum, sem umferðarflokcurinn vann, var þessi aðstoð pakksamlega þegin, og trúlega mundi margt af því sem gert var, hafa dregist í mörg ár og jafnvel aldrei verið unnið, ef þessi fyrirgreiðsla hefði ekki verið send á staðina og forsvarsmönnum Skógræktarfélaganna sagt að þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur af kostnaði við þessar framkvæmdir í bili.

Fræsöfnun: Í haust fór ég ásamt Ágústi Arnasyni, Gunnari Finnbogasyni og Ólafi Sæmundsen fræsöfnunarferð í Öræfin. Lagt var af stað frá Selfossi 21. okt. á tveim bílum, og ekið í einum áfanga að Skaftafelli. Ferðin gekk vel, lítið var í Skeiðará og öðrum ám sem óbrúaðar eru á leiðinni. Í Öræfum fengum við 12 unglings til liðs við okkur við söfnunina. Mjög lítið fræ var í skóginum, sérstaklega í Bæjarstaðaskógi sjálfum, þar var bókstaflega ekkert fræ. Var því aðallega safnað í Hálsinum, Heimabrekkum og á aurnum fyrir neðan Austurbrekkur. Eftirtekjan varð lítil, aðeins 61. kg. af óhreinsuðu fræi. Á heimleiðinni var fræið skilið eftir á Tumastöðum til hreinsunar. Kostnaður varð rúmlega 10. þús. krónur.

Ferðafólk: Eins og undanfarandi sumur, kom mikill fjöldi fólks í skóglendi skógræktar ríkisins, til lengri og skemmmri dvalar. Vinsælustu staðirnir hér um slóðir voru Þjórsárdalur og Pórsmörk. Í Þjórsárdal kom margt fólk í sumar, sérstaklega fjöldkyldufólk, og þá oft til lengri dvalar. Umgengni var þar mjög góð.

Á Pórsmörk er aftur á móti meira um hópferðir, og þá aðallega um helgar. Umgengni er þar alltaf mjög slæm. Það er nú orðin föst venja að fólk hópast þangað í þúsunda tali um verslunarmannahelgina. Að þessu sinni brá það ekki vana sínum, því þangað kom á fjórða þúsund manns. Það fer ekki hjá því að skógræktin verður fyrir kostnaði og óþægindum af þessu fólki. Og skógurinn eða réttara sagt grassvörðurinn polir ekki þetta mikla traðk ár eftir ár. Verður því á næsta ári að sá og bera á þar sem mest er traðkað og helst banna hópferðir í Pórsmörk um verslunarmannahelgina. Til að standast straum af kostnaði, var soldur aðgangseyrir að Pórsmörk um verslunarmannahelgina. Alls voru soldir 3273 aðgöngumiðar á Kr. 50/-, eða alls fyrir Kr. 163.650,-, einnig var sold aðstaða til veitingasölu á Kr. 8000,-, samtals Kr. 171.650,-. Kostnaðarliðir voru aftur á móti þessir. Vinna við hreinsun í Pórsmörk og Þjórsárdal í sumar Kr. 53.327,-, löggæsla Kr. 10.482,-, vatn og salerni Kr. 11.438,- sala aðgöngumiða Kr. 27.721,-, læknispjónusta Kr. 25.840,-, talstöð og talsamband Kr. 31.302,- og ýmislegt Kr. 9.341,-. Kostnaðarliðir samtals Kr. 169.451,-.

Selfossi 31. des. 1966.

Gastas Jónasson